

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um umskurð á börnum.

Frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur.

1. Liggja fyrir upplýsingar um umskurð á börnum hér á landi og ef svo er, hversu margar slíkar aðgerðir hafa verið gerðar undanfarinn áratug? Aldur barna og kyn óskast tilgreint í svarinu og hvort aðgerðirnar hafi verið framkvæmdar af heilsufarsástæðum eða trúar- eða félagslegum ástæðum.
2. Hver er stefna stjórnvalda varðandi það hvort umskurður barna vegna trúarlegra eða félagslegra ástæðna skuli leyfður eða bannaður? Kemur til greina að setja um slíkt reglur á borð við „Vejledning om omskæring af drenge“ sem í gildi eru í Danmörku?
3. Eru í gildi starfsreglur eða leiðbeiningar til starfsfólks mennta- og heilbrigðisstofnana og eftir atvikum annarra aðila sem sinna börnum um viðbrögð við vitneskju um ólög- mætan umskurð barna og hvað fela þær þá í sér?
4. Hafa stjórnvöld á einhvern hátt brugðist við tilmælum Norðurlandaráðs nr. 35/2008 um alþjóðlegar aðgerðir til að koma í veg fyrir limlestingu á kynfærum?

Skriflegt svar óskast.